

Ísafjarðarbær  
Jóhann B. Helgason,  
sviðsstjóri  
Hafnarstræti 1  
400 Ísafjörður

Umhverfisstofnun	
Áb.	
20. des. 2010	
9.5.3	
Tilv.	



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 16. desember 2010  
Tilvísun: UST20100800051/ðaj

### Deiliskipulag í landi Atlastaða og Geirmundastaða í Fljótavík, Ísafjarðarbær

Vísað er til erindis Ísafjarðarbæjar dags. 1. desember sl. þar sem óskað er eftir formlegu álit Hornstrandanefndar á framangreindu máli. Þann 9. ágúst sl. óskaði Ísafjarðarbær eftir umsögn Hornstrandanefndar á framangreindu deiliskipulagi. Erindið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 14. september sl. og gerði nefndin ekki athugasemd við deiliskipulagið samkvæmt meðfylgjandi bókun nefndarinnar:


#### 1.mál, deiliskipulag í landi Atlastaða og Geirmundastaða


Farið yfir gögn varðandi deiliskipulag í landi Geirmunda- og Atlastaða í Fljótavík.

*Nefndi gerir ekki athugasemd við deiliskipulagið, enda séu framkvæmdir sem um ræðir samkvæmt aðalskipulagi. Nefndin áréttar að rask vegna framkvæmda verði haldið í lágmarki, frágangur við verkslok snyrtilegur, að framkvæmdir falli að landslagi og lágmarkað verði álag á náttúrun- og lífríki svæðisins.*

Umsögn Hornstrandanefndar liggur nú fyrir og samþykkir Umhverfisstofnun fyrir sitt leyti afgreiðslu málsins. Umhverfisstofnun bendir á að málum sem varðar Hornstrandafriðland skal vísa til Umhverfisstofnunar sem mun eftir atvikum leggja mál fyrir Hornstrandanefnd og svara með formlegum hætti.

Virðingarfyllt

  
Ólafur Arnar Jónsson  
Deildarstjóri

  
Jón Björnsson  
Sérfræðingur

Afrit: Skipulagsstofnun